

## Fundargerð 21. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði þriðjudaginn 18. desember hjá Samgöngustofu og stóð yfir frá 13:00 til 15:00.

*Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla S. Sigurðardóttir (HSS), Hildur Reykdal (HR), Kári Gunnlaugsson (KG), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Sigurgeir Ómar Sigmundsson (SÓS), Þorvaldur Þórðarson (ÞÞ), Þórólfur Guðnason (ÞG) og Anna Margrét Björnsdóttir (AMB) sem fundarritari í fjarveru Ómars Sveinssonar (ÓS).*

*Fjarverandi: Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Björn Óli Hauksson, Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir, Karen Bragadóttir*

*Gestur: Íris Marelsdóttir (ÍM) frá Embætti landlæknis og Þórólfur Árnason (ÞÁ) frá Samgöngustofu*

---

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Dagskrá
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Isavia – fréttir
4. Staða verkefna og fréttir af ECAC og ICAO samstarfi (HSS)
5. Flugvirkaráætlun 2019
6. Önnur mál
7. Næsti fundur

- 
1. Dagskrá fundarins var samþykkt með nokkrum breytingum. Liður 3, fréttir frá Isavia, féll niður og erindi frá embætti landlæknis um sóttvarnir alþjóðaflugvalla bættist við dagskrána.
  2. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án athugasemda.
  3. ÍM kynnti erindi Íslands frá vinnustofu ECAC um heilbrigðistengd málefni í flugi. Þar var kynnt íslensk sóttvarnaáætlun fyrir flugvelli, en hún nær yfir fjóra flugvelli (Keflavík, Reykjavík, Akureyri og Egilsstaði). Áætlunin tekur mið af forskrift Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og tekur mið af þremur meginþáttum sem eru áhrif á menn, umhverfi og dýr. Áætlunin var kynnt fyrir flugvirkarráði og í kjölfarið var hún kynnt á hverjum flugvelli fyrir sig og henni fylgt eftir með skrifborðsæfingum.

Almannavarnakerfið vakti mikla athygli, sérstaklega hjá Írum, sem vildu meina að hægt væri að yfirfæra margt á Íslandi yfir á Írland. Írar hafa þegar sett sig í samband við Embætti landlæknis.

Sami kjarninn er notaður í öllum áætlunum almannavarna, en þær eru litakóðaðar eftir tegund. Þessi samhæfing vakti mikla athygli og einnig vakti hversu mikill fjöldi ferðamanna ferðaðist um Keflavíkurflugvöll á ári hverju. Áhersla er lögð á að hver viðbragðsaðili skrifi sinn kafla og móti þannig sitt hlutverk.

ÍM og ÞG vöktu athygli á því að oft eru pestar og eitranir komnar langt á veg þegar upplýsingar berast til sóttvarnalæknis eða flugmálayfirvalda. Tekið var dæmi um viðbragð vegna

mislingasmits. ÞG vakti athygli á nauðsyn þess að skerpa á ferlum til að hafa samband við flugfélögin utan almenns afgreiðslutíma, en fyrirkomulagið er óformlegt í dag. ÓHK benti á að rétt boðleið væri að hafa samband við þá sem eru á vaktinni hverju sinni hjá flugfélögunum, en þetta verklag þarf að formfesta.

Vinna við viðbragðsáætlun vegna eitrefna stendur nú yfir, en í kjölfarið á útgáfu hennar er stefnan að æfa þessar tvær viðbragðsáætlanir saman. Miðað er við að æfingin fari fram á tímabilinu október 2019 til febrúar 2020 og verði fjórar vikur samtals, þar sem hver viðbragðsaðili verði æfður sérstaklega. Almannavarnir og ÓHK hafa samþykkt þessa æfingu.

4. HSS kynnti vinnustofu ECAC um heilbrigðistengd málefni. Vinnustofan var í þremur hlutum, en HSS sá um fundarstjórn vinnustofunnar.

Fyrsti hluti vinnustofunnar fjallaði um CAPSCA og fyrirhugaða EACCC æfingu, en einnig héldu Írar kynningu á heilsuógnum á flugvöllum.

Varðandi CAPSCA var mikið þrýst á Ísland og fleiri þjóðir að taka þátt, en lítil þátttaka er frá ECAC ríkjunum og eru Finnar t.d. eina norðurlandþjóðin sem tekur þátt. Þátttaka er ókeypis, en úttektin kostar og einnig þyrfti vinnuframlag upp á að minnsta kosti eina ferð á ári með tilheyrandi undirbúningi. ÞG velti upp þeirri spurningu hvort þetta væri eitthvað sem þyrfti sérstaklega að skoða og HSS upplýsti að SGS hefur hingað til ekki tekið þátt vegna forgangsröðunar verkefna.

CAPSCA er samstarfsvettvangur og þar þarf að vera þátttaka frá báðum hliðum, heilbrigðis og flugsamgangna. Bent var á að ákvörðun um frekari þátttöku þarf að taka á milli ráðuneytanna. HSS upplýsti um að ein tillagan sem kom fram á vinnustofunni hafi verið sú að ECAC FAL gæti að boðið CAPSCA fulltrúum á ECAC fundi, en það á eftir að taka ákvörðun um það. Það gæti dugað til upplýsingamiðlunar.

Sagt var frá alþjóðlegri æfingu PANDEMIC19 sem haldin verður í febrúar á næsta ári, stýrt frá Brussel. Áhugi var fyrir þessari æfingu og möguleikum á því að skoða hana í samhengi við landsáætlanir og hlutverk Íslands. Ákveðið að HSS myndi hafa samband við Þröst Jónsson hjá Samgöngustofu og biðja hann um að hafa samband við ÍM varðandi þetta.

Annar hluti vinnustofunnar fjallaði um samhæfingu og heilsuvernd á landsvísu og þriðji hluti vinnustofunnar fjallaði um loftgæði og heilsufarsmál um borð í loftfarinu. M.a. kom fram að þjálfun flugliða sé í einhverjum tilfellum ábótavant þegar kemur að því að þekkja og bregðast við farsóttum.

HSS sagði einnig frá kynningu ICAO og IATA frá flugvirktafundum í september, þar sem var fjallað um mansalsmál. Það er búið að gefa út leiðbeinandi efni fyrir öryggis- og þjónustuliða, en efnið á jafnfram erindi við starfsmenn flugvalla, landamæraeftirlits og fleiri aðila. Rætt um mikilvægi þess að kynna þetta efni og fara yfir þetta með aðilum svo fólk skilji um hvað málið snýst. Vakin athygli á góðu myndbandi sem IATA hefur framleitt og varðar mansal.

HSS upplýsti um vinnu sem hefur farið fram hjá ECAC og varðar áhersluatriði fyrir allsherjarþing ICAO 2019. Í flugvirktarhlutanum er búið að velja þrjú áhersluatriði – mansal, aðstoð við aðstandendur flugslysa og Smart Borders Initiative. Eitthvað af þessu þrennu verður valið sem áhersluatriði ECAC á þinginu.

Að endingu var rætt um fyrirhugaða ráðstefnu ECAC um gjöld og gjaldsamsetningu á flugvöllum þegar kemur að PRM farþegum. Isavia hefur boðað hækkun á þessum gjöldum vegna mikillar notkunar á þjónustunni. Boð á ráðstefnuna, sem haldin verður í febrúar, verður sent á ráðuneytið og til Isavia, en fulltrúar frá þeim stofnunum eiga erindi á ráðstefnuna.

5. Rennt yfir flugvirktaráætlun lið fyrir lið og voru nokkur atriði tekin sérstaklega fyrir. Ákveðið var að aðilar hafa frest til 10. janúar til að gera frekari athugasemdir eða úrbætur á skjalinu. Búið er að samþykkja allar breytingar sem komu á síðasta ári. Ákveðið var að óbreytt verði að menn megi áfram boða staðgengla með sér á fundi, þrátt fyrir að reglugerðin geri ekki ráð fyrir staðgenglum.

Samþykkt að greina og skipa smærri vinnuhópa sem fari yfir „amendment“ á verkefnaáætlun á hnitmiðuðum fundum og skili svo efni inn á fund flugvirkarráðs. Tillögurnar að smærri vinnuhópum skulu liggja fyrir á næsta fundi flugvirkarráðs.

6. Önnur mál.

- Rætt um möguleika á því að vinna einhvers konar kynningarupplýsingar um hlutverk og starfsemi flugvirkarráðs.
- Ákveðið að bæta við verkefni á verkefnaáætlun um viðbragðsáætlun varðandi dýr (aðstaða til að taka á móti o.fl.).

7. Ákveðið var að næsti fundur verði haldinn þann 29. janúar 2019. Flugrekendur verða ekki boðaðir á þann fund, en ákveðið var að halda sérstakan fund fyrir flugrekendur í febrúar eða mars 2019.